

Nð.

176. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaga 31. maí 1927.

Frá Hannesi Jónssyni.

Aftan við 1. gr. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef maður hefir þegið sveitarstyrk, en vinnur sjer sveit síðar í öðrum hreppi eða kaupstað og þiggur þar einnig styrk, þá fellur niður endurgjaldskrafa þess sveitarfélags, sem fyr veitti styrkinn.

Á sama hátt fer, þótt hann þiggi ekki styrk í hinni nýjn framfærsluveit sinni, ef efnahag hans er þannig háttað, að álitu lögreglustjóra þar sem hann er búsettur, að hann geti ekki endurgreitt styrk sinn án þess að verða styrkspurfi.